



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2021

## ENSK3YL05 Yndislestur

<b>Kennari:</b>	Paola Ýr Daziani	<b>Sk.st.</b>	PD
-----------------	------------------	---------------	----

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum munnlega í sérstökum viðtalstímum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

**Undanfari:** Hafa lokið 15 einingum á 2. þrepi eða ENSK2OR05 og ENSK2OL05

**Námsefni:** Bókalisti hjá kennaranum og í Innu (efni).

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Próf og verkefni
25.-29.jan.	Próf 1
15.-19.feb.	Próf 2
8.-12.mars	Próf 3
7.-16.apríl	Próf 4
3.-7.maí	Próf 5

Öll prófin eru munnleg. Hver nemandi fæ áætlaðan tíma (um 10 mín.) fyrir hvert próf.

### Sérreglur áfangans:

**Það er skylda að taka öll 5 prófin.** Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf sem fyrst eða um leið og tækifæri gefst eftir ákvörðun kennara. Listi yfir mætingu í online próf verður í Innu undir "Heimavinna og Markmið" (á síðu áfangans). Mikilvægt er að fylgjast vel með ekki síst til að sjá hvenær kennari hefur skráð nemenda í sjúkrapróf. Þessar reglur gilda fyrir alla nemendur, líka 20 ára eða eldri. **Nemendur sem sleppa prófi og eru ekki löglega afsakaðir detta sjálfkrafa út úr áfanganum** í síðasta lagi viku eftir að prófið var skráð. Nemendur bera ábyrgð á að vera í sambandi við kennara strax ef þeir komast ekki í próf. **Það er nauðsynlegt að tilkynna bóka valið sitt** ekki seinna en viku fyrir hvert próf með því að senda skilaboð í gegnum Innu til að  **tryggja sér réttindi til próftöku.**

### Fyrirkomulag námsmats:

Hvert próf gildir 20% af lokaekinn. Það er ekki lokapróf í þessum áfanga. Reglur um skipulag áfangans eru í Innu undir "Efni".

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**

### **Þekkingarviðmið:**

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- stjórnámálum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
  - menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
  - orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
  - hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið
- 

### **Leikniviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
  - nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
  - tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
  - beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins
- 

### **Hæfniviðmið:**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
  - átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
  - greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
  - leggja gagnrýnið mat á texta
  - hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
  - beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni
  - flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
  - lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
  - beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfningu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
  - skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
  - tjá tilfinningar, nota hugarflugnið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli
-